



# Reglur um akstursþjónustu í Ísafjarðarbæ

## I. kafli

### Almenn ákvæði

#### 1. gr.

##### Lagagrundvöllur

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig er stuðst við lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

#### 2. gr.

##### Tilgangur og skilyrði

Megintilgangur akstursþjónustu í Ísafjarðarbæ er að gera þjónustuþegum, sem ekki geta nýtt sér almenningsamgöngur, kleift að sækja vinnu, nám, þjálfun, heilbrigðisþjónustu, hæfingu hvers konar og tómstundir.

Akstursþjónusta Ísafjarðarbæjar er ætluð fyrir einstaklinga með langvarandi skerðingar á færni sem eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ og geta hvorki notað almenningsvagnþjónustu né eigin bifreið. Með langvarandi skerðingu á færni er átt við skerðingu sem varir í þrjá mánuði eða lengur þar sem talið er að þá sé liðinn það langur tími að ætla megi að kostnaður vegna ferða hafi áhrif á fjárhag viðkomandi.

Einstaklingar, sem ekki eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ, geta sótt um akstursþjónustu og skal hún veitt ef lögheimilissveitarfélag greiðir fyrir allan kostnað vegna aksturs. Skal samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir áður en þjónusta er veitt.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, s.s. vegna beinbrota og liðskiptaaðgerða.

Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

## II. kafli

### Öryrkjar og fatlaðir

#### 3. gr.

##### Akstursþjónusta öryrkja og fatlaðra

Markmið með akstursþjónustu fyrir öryrkja og fatlaða er að gera þeim kleift að lifa sem sjálfstæðustu lífi miðað við getu og færni hvers og eins og jafna aðstöðumun sem kann að vera til

staðar milli fatlaðs fólks og ófatlaðs. Þjónustan skal taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Umsækjandi skal uppfylla það skilyrði að fötlun viðkomandi falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Umsækjandi skal einnig uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ.
- Umsækjandi hafi ekki aðgang að eigin farartæki eða geti ekki vegna aðstæðna nýtt sér það til að komast ferða sinna.
- Umsækjandi hafi ekki fengið styrk frá Tryggingarstofnun ríkisins til bifreiðakaupa né njóti styrks til reksturs bifreiðar.
- Umsækjandi eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.
- Umsækjandi er ófær um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi fötlunar.

#### **4. gr.**

### **Akstursþjónusta fyrir fötluð börn**

Forráðamenn barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn vegna tómtunda, læknisferða, sjúkraþjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Börn yngri en sex ára skulu ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar þau ferðast með akstursþjónustu fatlaðs fólks. Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna nema í þeim tilvikum þar sem börn sökum fötlunar geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur eða skólaakstur. Þessi börn eiga rétt á ferðaþjónustu til og frá skóla skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma, þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelst í lengdri viðveru á vegum skólans.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, s.s. vegna beinbrota og liðskiptaaðgerða. Í tilvikum þar sem einstaklingar hafa eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið fjölskyldunet er heimilt að veita akstursþjónustu þótt um sé að ræða færniskerðingu sem varir skemur en þrjá mánuði.

### **III. kafli**

## **Eldri borgarar**

#### **5. gr.**

### **Akstursþjónusta eldri borgara**

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að auka sjálfstæði þeirra og gera þeim kleift að búa lengur heima, við eðlilegar aðstæður, sbr. X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Umsækjandi skal uppfylla eftirfarandi skilyrði að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær akstursþjónustu eldri borgara:

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ.
- Umsækjandi skal vera 67 ára eða eldri.

- Umsækjandi skal búa sjálfstætt.
- Umsækjandi skal vera ófær um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar.
- Umsækjandi hefur ekki aðgang að eigin bifreið.

Hafi notandi sem orðinn er 67 ára fengið þjónustu á grundvelli reglna um ferðapjónustu fatlaðs fólks fyrir þann aldur á hann rétt á þeirri þjónustu áfram á meðan þörf krefur.

#### **6. gr.**

##### **Akstur eldri borgara í dagdvöl**

Um akstur í dagdvöl fyrir aldraða fer samkvæmt 3. tl. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraða og 2. mgr. 14. gr. reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraða er kveður á um skyldu rekstraraðila til að annast um og bera kostnað af flutningsþjónustu fyrir þá sem dagdvölin sækja, til og frá heimili sínu.

#### **7. gr.**

##### **Akstur eldri borgara til og frá stofnunum**

Reglur þessar gilda ekki um akstursþjónustu fyrir aldraða sem eru á stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókn- og sjúkráþjálfunar, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraða nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingar. Berist hins vegar umsóknir um akstursþjónustu frá einstaklingum sem dvelja á hjúkrunarheimilum eða öldrunarstofnunum eru þær metnar í hverju tilfalli fyrir sig með hliðsjón af þörfum umsækjenda og þeirri þjónustu sem veitt er eða skal veita af viðkomandi stofnun. Í slíkum tilfellum skal kalla eftir greinargerð frá þeirri stofnun sem um ræðir.

#### **8. gr.**

##### **Gjaldtaka**

Gjald fyrir akstursþjónustu eldri borgara skal miðast við gjaldskrá velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar um akstursþjónustu eldri borgara.

### **IV. kafli**

#### **Umsóknir og skilyrði**

#### **9. gr.**

##### **Afgreiðsla umsókna**

Umsóknir um akstursþjónustu skulu berast til velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar á sérstökum eyðublöðum, sem nálgast má hjá velferðarsviði eða í gegnum þjónustugátt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Umsóknir eru metnar af félagsmálateymi velferðarsviðs út frá einstaklingsbundnum aðstæðum og þörf og á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika. Velferðarsvið tilkynnir umsækjanda niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er.

Sé umsókn um þjónustu hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

Félagsmálateymi velferðarsviðs er heimilt að óska viðeigandi vottorða, t.d. frá heilbrigðisþjónustu eða Tryggingastofnun ríkisins til að kanna rétt umsækjanda til þjónustunnar. Á grundvelli þjónustumats og fyrirbyggjandi gagna metur félagsmálateymi ákvörðun.

#### **10. gr.**

### **Undanþágur**

Félagsmálateymi Velferðarsviðs hefur heimild til að veita undanþágu frá 3. gr. þessara reglna vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem umsækjandi hefur til umráða.

Félagsmálateymi Velferðarsviðs hefur heimild til að veita undanþágu vegna sérstakra aðstæðna, s.s. þar sem einstaklingar hafa eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingarstofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið fjölskyldunet þó um sé að ræða færnisskerðingu sem varir skemur en þrjá mánuði. Umsóknir skulu berast með sama hætti og aðrar umsóknir. Við afgreiðslu slíkra umsókna er félagsmálateymi velferðarsviðs heimilt að óska eftir nauðsynlegum gögnum s.s. læknisvottorði, greiningu á fötlun og upplýsingum um styrk frá Tryggingarstofnun ríkisins til bifreiðakaupa eða reksturs bifreiðar.

Umsóknir um undanþágu eru metnar út frá einstaklingsbundnum aðstæðum og þörf.

## **V. kafli**

### **Framkvæmd þjónustu**

#### **11. gr.**

### **Umsókn þjónustu**

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar sér um faglegt mat á þörf fyrir þjónustu og ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna.

Ökutæki eru útbúin samkvæmt reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, með síðari breytingum. Auk þess ber að hafa til hliðsjónar leiðbeiningar Félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

#### **12. gr.**

### **Skipulag þjónustu**

**Þjónustutími** ferliþjónustu er almennt virka daga frá kl. 7:30 til kl. 18:00. Akstur fer eftir samkomulagi um kvöld, helgar og aðra almenna frídaga.

**Þjónustusvæðið** miðast við mörk sveitarfélagsins, svo og þéttbýliskjarna Bolungarvíkur og Súðavíkurhrepps.

Semja skal um reglubundnar ferðir við þjónustuþega en sé um óreglulegar ferðir að ræða þarf alla jafna að óska flutnings með dags fyrirvara.

Ferðir vegna vinnu, skóla, þjálfunar, heilsugæslu og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Fjöldi ferða til annarra nota er háður takmörkunum, en miða skal við að þær verði ekki fleiri en 12 á mánuði og heildarfjöldi ferða eigi fleiri en 60 á mánuði.

### **13. gr.**

#### **Afpöntun ferða**

Afpöntun skal gera með minnst þriggja klukkustunda fyrirvara, annars telst ferðin með í uppgjöri við notanda.

### **14. gr.**

#### **Tilhögun ferða**

Aksturinn miðast við að ekið sé frá og að anddyri. Farþegi skal tilbúinn til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Ekki er tryggt að bíll bíði sé farþegi ekki tilbúinn á umsömdum tíma. Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu. Bílstjórar sinna ekki sendiferðum fyrir farþega.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka.

### **15. gr.**

#### **Heimildir og skyldur bifreiðastjóra**

Akstursþjónustan skal við framkvæmd þjónustunnar taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki. Bifreiðastjórum sem annast akstursþjónustu er heimilt að synja akstri í einstöku tilvikum séu fyrir því ríkar ástæður vegna ástands farþega. Þeim starfsmönnum sem sinna akstursþjónustunni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Bifreiðastjóri í þjónustu skv. 8. gr. laga nr. 28/2017 um farþega flutning og farmflutning á landi skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíl.

### **16. gr.**

#### **Gjaldtaka**

Fyrir akstursþjónustu skal greitt samkvæmt gjaldskrá velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar.

Fylgdarmaður ferðast ókeypís með fólki sem ekki getur ferðast án aðstoðar.

## **V. kafli**

### **Framkvæmd þjónustu**

### **17. gr.**

#### **Endurupptaka**

Umsækjandi getur óskað þess að umsókn sé tekin til meðferðar á ný ef afgreiðsla félagsmálateymis velferðarsviðs á umsókninni hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til velferðarsviðs innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti velferðarsvið að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til velferðarnefndar til málsmeðferðar.

## **18. gr.**

### **Málskot**

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun velferðarsviðs um afgreiðslu umsóknar til velferðarnefndar innan þriggja mánaða frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarnefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarnefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála innan þriggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um ákvörðunina.

## **19. gr.**

### **Gildistaka**

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og III. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig er stuðst við lög nr. 125/1999 um málefni aldraða.

Reglur um aksturþjónustu í Ísafjarðarbæ sem samþykktar voru af velferðarnefnd þann 12. nóvember 2024 og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 21. nóvember 2024 öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt falla úr gildi reglur Ísafjarðarbæjar um ferliþjónustu frá 1. febrúar 2018.